

# LÖGMANNA BLAÐIÐ

8. árg.

Mars

1 / 2002



*Hópurinn sem sæmdur var gullmerki LMFÍ á 90 ára afmæli félagsins.*

**Útgefandi:**

Lögmannafélag Íslands

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

Pórður Bogason hdl.

**Ritnefnd:**

Berglind Svavarsdóttir hdl.

Bjarki H. Diego hrl.

Björn L. Bergsson hrl.

Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

Ragnar H. Hall hrl.



**Ingimar Ingason  
framkv.stj.  
Fjöldi og  
samsetning  
félagsmanna LMFÍ  
—  
Bls 6**

**Viðar  
Lúðvíksson hdl.  
Ónákvaemni í  
dómsorði  
—  
Bls. 8**

**Björn L. Bergsson hrl.  
Mismunandi for-  
ræði á beiðni um  
dómkvatt mat  
—  
Bls. 10**

**Pórður Bogason hdl.  
„Handbókar-  
lögfræði“  
—  
Bls. 14**

# Af Merði lögmanni

**M**örður átti lítið erindi í bankann um daginn með nokkra eindagaða gíróseðla. Það er einhvern veginn viðkunnanlegra að rétta þessa snepla yfir borðið til persónu af holdi og blóði, jafnvel þó sú persóna sé afundinn, þunnhærður, feitlaginn, lífsþreyttur gjaldkeri. Stundum tókst þó betur til og uppgjafaleikkonur eða eróbikkstelpur sátu í gjaldkerastúkunni. Alla vega, Merði fannst það, óháð persónunni sjálfri, miklu meira traustvekjandi heldur en allar þessar bankalínur og millifærslustúss í gegnum tölvur. Þessi nútímataekni öll er nú ekki alltaf á vetur setjandi að mati Marðar, eða sitja ekki einhverjir nærsýnir unglingspiltar í Kuala Lumpur við það daginn langan að gramsa í tölvum óafvitandi sakleysingja sem eru alltaf með apparötin sín tengd við veraldarvefinn?

Þar sem Mörður stóð og beið í sínum þungu þönkum var skyndilega klappað kumpánlega á öxl hans. Var þar kominn skólalábróðir Marðar, óþolandi monstrass, einn sem alið hafði manninn alla tíð innan bankakerfisins. Sá stóð nú skælbrosandi í teinóttu jakkafötunum sem hann hafði keypt sér um árið þegar hann var í starfsþjálfun í London á vegum bankans. Vafalaust með fina dagpeninga þann tíma hafði hvarflað að Merði þá. Spurði hann nú Mörð almæltra tíðinda en mátti síðan ekki vera að því að hlusta á örsnöggja sögu sem Mörður ætlaði að segja honum af snerru sem hann hafði staðið í fyrir vanskilamann í útburðarmáli sem lauk með fræknum sigri. Sagðist kunningi Marðar þurfa að drífa sig enda orðinn fullseinn á fund með lögmonnum bankans út í bæ. Með það var hann rokinn.

Eftir stóð Mörður harla hissa. Í öll þessi ár sem voru liðin frá því að þeir útskrifuðust hafði Mörður, árlega í það minnsta, öfundast út í þennan féлага sinn. Hve öruggt væri nú starfsumhverfið, tekjugjæft og mikilvægt þegar fundað væri með helstu ráðamönnum þjóðarinnar en þó síðast en ekki síst stímúlerandi að vinna að gerð flókinna og umfangsmikilla samninga þar sem oft væri fjallað um fjöregg þjóðarinnar. Þjóðarheill jafnvel í veði. Hafði þetta allt verið misskilningur? Ja Mörður vissi að bankarnir rukkuðu sjálfir flestar sínar kröfur nú um stundir en varla var það eina hlutverkið hjá skólafélaganum og kollegum hans í bönkunum, að sitja brúnaþungir og stefna sautjándakafla málum og neita almúganum um fresti.

Mörður ákvað umsvifalaust að hann þyrfti strax á morgun að slá á þráðinn til skólafélagsins og komast að hinu sanna. Voru bankalögmennirnir bara að rukka og sendast svo með pappírta til lögmanna út í bæ þegar alvöru stórmálin væru upp á borðum. Ef svo væri yrði Merði heldur hugarhægara í sínum smávaxna einkapraksis, hann væri allavega að hjálpa fólki, eins og til dæmis vanskilamanninum sem hann reddaði lengri uppsagnarfresti fyrir í útburðarmálinu. Nú og svo gæti nú aldrei verið að gamli góði skólafélaginn, sem Merði hafði alltaf verið heldur hlýtt til, gæti haft áhrif á það að svona út-sent verkefni yrði sent til hans. Lögmans með víðtæka reynslu af ýmsum réttarsviðum sem væri þar að auki með sveigjanlega gjaldskrá.

## Stund tímaskráningaforrit

- Hægt að velja um fjölnot eða einstaklingsnot.
- Hægt og að nota á sameiginlegu ( innra ) neti.
- Heldur utan um starfsmenn, viðskm., mál, tíma o.fl.
- Listun á starfsm. viðskm., málum og tímum.
- Auðvelt í notkun.
- Fjölbreytileiki í skýrslum að eigin vali o.fl. o.fl..

**H H hugbúnaður ehf. - sími 557-8271**

www.simnet.is/hjorturh - netfang hjorturh@isholf.is

# Ritstjórnarpistill

*Sérstaða Lögmannablaðsins*

Á undanförunum áratugum hafa lögfræðingar gefið reglulega út þrjú tímarit. Hafa tvö þeirra, Úlfjótur, tímarit laganema, og Tímarit lögfræðinga, verið helsti vettvangur lögfræðinga til að birta fræðigreinar auk þess sem þau flytja fréttir af starfi þeirra félaga sem standa að útgáfunni. Þriðja tímaritið er málagn lögmannna, Lögmannablaðið, sem höfundur þessa pistils ritstýrir nú í fyrsta sinn. Það er edlilegt að nýr ritstjóri geri grein fyrir hvert stefnu



**Pórður Bogason bdl., ritstjóri**

-----  
*Það er edlilegt að nýr ritstjóri geri grein fyrir hvert stefnan er tekin*  
-----

an er tekin um leið og hann sest við stjórnvölinn. Áður en lengra er haldið er rétt að kynna til sögunnar þá sem vinna með ritstjóra við útgáfu blaðsins af hálfu Lögmannafélagsins. Í ritnefnd eiga áfram sæti hæstaréttarlögmennirnir Bjarki Diego, Björn L. Bergsson og Ragnar H. Hall auk þess sem héraðsdómslögmennirnir Berglind Svavarsdóttir og Guðrún Björg Birgisdóttir hafa nú tekið þar sæti. Ljóst er að hér er öflugur flokkur á ferð. Þá má ekki gleyma mikilvægu hlutverki Ingimars Ingasonar, framkvæmdastjóra LMFÍ, og Jónu K. Kristinsdóttur, starfsmanns félagsdeildar, en hún sér að miklu leyti um samskipti við prentsmiðju. Að lokum má geta þess að fráfarandi ritstjóri, Jóhannes Karl Sveinsson hrl., hefur lofað að standa við bakkið á arftaka sínum og veita góð ráð. Ritstjóra minnir að í fræðikerfi lögfræðinnar falli slík yfirlýsing í flokkinn: Pacta sunt servanda.

Ritstjórnarstefnan er sú að viðhalda þeirri sérstöðu sem Lögmannablaðið hefur gagnvart Úlfjóti og Tímariti lögfræðinga. Lögmannablaðið er tímarit hinna stuttu og hnitmiðuðu greina, lifandi vett-

vangur stéttar sem hefur mikilvægu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu. Hlutverki sem krefst þess að lögmenn tjái sig um löggjöfina og þau álitaefni liðandi stundar sem henni tengjast. Blaðið er einnig vettvangur til að efla samstöðu meðal lögmannna og birta upplýsingar um ýmis hagnýt atriði. Lögmenn eru í daglegum störfum sínum sífellt að „finna upp hjólið“ með því að leysa ný og ný viðfangsefni. Með því að deila slíkri þekkingu með stéttinni allri auka lögmenn veg sinn og virðingu, sem einstaklingar en einnig sem hluti af heild, og tryggja þar með það sem nú kallast gæðastjórnun. Í aukinni samkeppni við aðrar stéttir sem veita ráðgjöf og þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki er það hagsmunamál allra lögmannna að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem veitt er og auka þekkingu þeirra sem í stéttinni starfa. Lögmannablaðið er mikilvægt tæki í því sambandi.

Auk greina um lögfræðileg álítamál og annað fræðilegt efni þá mun blaðið flytja fréttir af vettvangi félagsins líkt og áður. Blaðið á líka að létta fólki lund. Þannig ætlar ritstjóri ekki að láta illkvíttid slúður Gróu@Leiti um hversu Mörður lögmaður sé afleitur penni hafa nein áhrif á sig. Hann á sinn dálk, karlinn, en kerlingin mun líka fá að láta dæluna ganga áfram. Einnig væri illa komið fyrir blaðinu ef ekki birtust í því öðru hverju myndir af hinum pattaralegu grínarafélögum, eftir frækilega sigra eða ósigra í einhverju mótinu.

Til að blaðið nái þeim markmiðum sem að er stefnt þarf útgáfa þess að vera regluleg. Það hefur komið út fimm sinnum á ári en núverandi ritstjórn hyggst stefna að útgáfu fjögurra tölublaða fyrst í stað. Eitt sem kemur út fyrir aðal-

## Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
sími 568-5620

bréfsími 568-7057  
tölvupóstur: lmfí@lmfí.is  
heimasíða: www.lmfí.is

### Stjórn L.M.F.Í.

Ásgeir Thoroddsen hrl.,  
formaður  
Helgi Birgisson hrl.,  
varaformaður  
Ársæll Hafsteinsson hdl.,  
gjaldkeri  
Lára V. Júlíusdóttir hrl.,  
ritari  
Helgi Jóhannesson hrl.,  
meðstjórnandi

### Starfsfólk L.M.F.Í.

Ingimar Ingason,  
framkvæmdastjóri  
Jóna Kristjana Kristinsdóttir,  
félagsdeild  
Guðný Gísladóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársaskrift fyrir utanfélagsmenn:  
kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Netfang ritstjórnar:  
thorur.bogason@justice.is

### Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja

### Umjón auglýsinga:

Öflun ehf., sími 533 4440

fund og flytur fréttir af vettvangi félagsins. Eitt sem kemur út í byrjun júní, fyrir árlegt málþing LMFÍ og Dómarafélagsins, en það tölublað yrði að einhverju leyti helgað umfjöllunarefni málþingsins. Eitt tölublað kæmi út í september þar sem gerð yrði grein fyrir vetrarstarfi félagsins og námskeiðum og eitt blað sem kæmi út í desember, svona til að minna lögmenn á að líta aðeins upp úr streðinu, þó ekki væri nema yfir bláhátíðina. Ef lögmenn sinna sínu blaði vel og rækja þær skriflegu skyldur sem á þeim öllum hvíla, ex officio og amen, þá mun ritstjórnin gefa út fleiri tölu-

blöð. Ekki færri en fjögur en varla fleiri en sex tölublað á ári.

Þær stuttu fræðigreinar sem Lögmennablaðið kallar eftir eru í eðli sínu frábrugðnar greinum í Úlfjöti og Tímariti lögfræðinga. Ekki er til þess ætlast að höfundar leggi í mikla úrvinnslu á heimildum eða leiti í þaula af sér allan grun um hvort ólík sjónarmið séu uppi. Þessar greinar mega einmitt kalla á viðbrögð annarra. Höfundar verða að vera tilbúnir til þess að hafa skoðun en einnig það sem erfiðara er, að vera tilbúnir til að taka gagnrýni og jafnvel skipta um skoðun ef ný og betri rök koma fram. Hér er

vert að hafa í huga hin fleygu orð „enginn er fullkominn“ en láta þau samt ekki stöðva sig. Það mætti hugsa sér að nálgun við greinar-skrif yrði líkt og þegar viðskiptavinur óskar eftir stuttu minnisblaði lögmansins um aðkallandi álitamál. Allir lögmenn eiga slík minnisblöð í fórum sínum, nú er bara að dusta af þeim rykið. Ekki má samt skilja þessi orð svo að blaðið taki ekki við greinum frá öðrum en lögmönnum. Öðru nær. Allir lögfræðingar eiga greiða leið að síðum blaðsins sem og aðrir þeir sem skri-fa um efni sem ritstjórn telur að eigi erindi við lögmenn.

## Jólaball

Lögfræðingafélagið, Dómarafélagið og félagsdeild LMFÍ stóðu sameiginlega að jólaballi fyrir félagsmenn þann 30. desember síðastliðinn. Tæplega 60 manns mættu, börn og fullorðnir. Jólasveinar heim-sóttu börnin og dansað var í kringum jólatréð. Félagin hafa ekki haldið jólaball síðastliðin ár en vegna óska félagsmanna var ákveðið að reyna enn á ný. Sá mannskapur sem þarna var sam-ankominn nægir tæplega til þess að halda ball og var mæting lakari en búist var við. En þeir sem voru á ballinu skemmtu sér vel.



# Málakerfi

FYRIR LÖGMANNSSTOFUR



## Hvað gerir Málakerfi fyrir þig?

Heldur utan um alla kostnaðar- og tímaskráningar vegna mála  
Heldur utan um upplýsingar um viðskiptamenn, útlagðan kostnað  
og skilar út fylgiskjölum

## Af hverju ættir þú að kaupa Málakerfi?

Tímaspamaður í skráningu verka, Allt á einum stað  
Allt að 15-20 samtímanotendur á kerfinu.

"Hafðu samband og við sendum þér prufuútgáfu  
um hæl og þú getir prófar forritið endurgjaldslaust".



Portal ehf. - Eyravegur 37 - 800 Selfoss - Sími. 480 3333 - Fax. 482 3186 - [holga@portal.is](mailto:holga@portal.is)

# Fjöldi og samsetning félagsmanna í Lögmannafélagi Íslands í lok starfsársins 2001-2002

Nýir félagsmenn í LMFÍ frá síðasta aðalfundi eru 42, auk þess sem 21 leysti til sín eldri málflytningarréttindi. Þá öðluðust 9 félagsmenn réttindi til málflytninga fyrir Hæstarétti Íslands. Á starfsárinu voru 46 lögmennteknir af félagskrá.

Félagsmenn í LMFÍ eru nú 605, eða 17 fleiri en í lok síðasta starfsárs. Héraðsdómslögmennteknir eru 397 og hæstaréttarlögmennteknir 208. Sjálfstætt starfandi lögmennteknir eða fulltrú-



*Ingimar Ingason framkv.stj. LMFÍ*

ar sjálfstætt starfandi lögmennteknir eru 402, en 169 lögmennteknir starfa hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 77 hjá ríki eða sveitarfélög-

um og 92 hjá fyrirtækjum eða félagsamtökum (af þeim 44 hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum). Lögmennteknir sem ekki stunda lögmannsstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum eru 34 talsins.

Af félagsmönnum eru 115 konur, þar af 14 hæstaréttarlögmennteknir. 44 konur eru sjálfstætt starfandi og 22 konur eru fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmennteknir. 49 konur starfa hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 25 hjá ríki eða sveitarfélög-

## Niðurstaða European Court of Justice í Nova málinu

Þann 19. febrúar s.l. birti European Court of Justice, dóm í máli J.C.J. Wouters, J.W. Savelbergh, Price Waterhouse Belastingadviseurs gegn Algemene Raad van de Nederlandse Orde van Advocaten (C-309/99). CCEB, ráð evrópskra lögmannafélaga, sem Lögmannafélag Íslands er aðili að, hefur fagnað niðurstöðu dómstólsins og telur að hún auki réttaröryggi almennings.

Málið var höfðað gegn hollenska lögmannafélaginu af einstaklingum í lögmannastétt og tveimur af fimm stærstu endurskoðunarstofnum heims, Arthur Andersen og Price WaterhouseCoopers, til að fá aflétt banni hollenska lögmannafélagsins við fjölgreinasamstarfi (MDP) lögmanntekna og endurskoðenda.

Í dómsniðurstöðu kemur m.a. fram að á milli starfa lögmanntekna sem ráðgefandi aðila og starfa endurskoðanda sem eftirlitsaðila, sé viss ósamrýmanleiki og jafnframt séu síðareglur þessara starfsstétta í Hollandi ólíkar. Á grundvelli þessa hefði hollenska lögmannafélaginu verið stætt á að banna fjölgreinasamstarf þessara starfsstétta.

CCBE hefur um árabíl varað við þeim vandamál-

um sem fylgja fjölgreinasamstarfi. Hafa samtökin, með vísan til þeirrar staðreyndar að lög margra aðildarríkja hafa ekki lagt bann við slíku fjölgreinasamstarfi, lagt áherslu á nauðsyn þess að standa vörð um sjálfstæði lögmanntekna, þagnarskyldu þeirra og að varast hagsmunaaðrekstra, en allt eru þetta skyldur sem dregnar eru fram í forsendum dómsins.

Fram kemur í fréttatilkynningu CCBE að nýlegt gjaldþrot bandaríska orkufyrirtækisins Enron hafi kallað á nýjar kröfur til þeirra aðila sem selja ólíka sérfræðipjónustu til sama skjólstæðings og benda á þá hættu sem kann að skapast á hagsmunaaðrekstrum undir þessum kringumstæðum. Það hafi einmitt verið þessi hættu sem afstaða CCBE til fjölgreinasamstarfs hafi byggst á.


Aðspurður um niðurstöðu dómstólsins sagði John Fish, forseti CCBE, að samtökin væru ánægð með niðurstöðuna, enda væru hagsmunir almennings betur tryggðir í ljósi hennar. Ríkar ástæður væru fyrir þeirri afstöðu CCBE að vara við ágöllum sem séu fylgifyrskar fjölgreinasamstarfs.

Nánari upplýsingar um þetta mál er að finna á heimasíðu CCBE, en slóðin þar er. [www.ccbe.org](http://www.ccbe.org)


um og 24 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum.

Af félagsmönnum eru 490 karlar, þar af eru 194 hæstaréttarlögmenn. 295 karlar eru sjálfstætt starfandi og 41 starfar sem fulltrúi sjálfstætt


starfandi lögmanna. 120 karlar starfa hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 52 hjá ríki eða sveitarfélögum og 68 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum.




Fjölgun félagsmanna í Lögmannafélaginu á tímabilinu 1992-2002.



Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa



Skipting (%) kvenkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Skipting (%) karlkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

## Námskeið til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda

Framhald hefur orðið á samstarfi prófnefndar sem skipuð var til að skipuleggja framkvæmd prófraunar til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda og Lögmannafélags Íslands, um framkvæmd réttindanámskeiða. Í byrjun janúar hófst þriðja námskeiðið til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda og eru þátttakendur 44 talsins. Öll kennsla á námskeiðinu fer fram í kennslusal Lögmannafélagsins að Álftamýri 9 og af fenginni reynslu er ljóst að þetta samstarf hefur styrkt mjög tengsl Lögmannafélagsins við nýút-skrifaða lögmenn.

## Bakvakt lögmanna endurskipulögð – nýtt þjónustunúmer

Í ársbyrjun 2002 var tekið upp nýtt fyrirkomulag á bakvöktum lögmanna sem sinna verjenda- og réttargæslustörfum. Í stað boðtækis sem gekk á milli vakthafandi lögmanna, tók félagið í gagnið sérstakt símanúmer sem hægt er að hringja í þegar óskað er aðstoðar lögmanns og færast símtöl þá yfir í farsíma vakthafandi lögmanns. Með þessu nýja fyrirkomulagi ætti að vera tryggt að í lögmanni náist hvenær sem er sólarhringsins. Jafnframt var sú nýbreytni tekin upp að tilnefna varamann á hverja vakt, sem hægt er að hringja í, komi sú staða upp að ekki næst í vakthafandi lögmann, hann veikir eða vant við látinn.

# Ónákvaemni í dómsorði

Þann 6. desember 2001 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í málinu nr. 210/2001. Í málinu krafðist þrotabú riftunar á gjafagerningi um bifreið milli þrotamannsins, sem var einkahlutafélag, og fyrrum framkvæmdastjóra félagsins á grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. (gþl.). Jafnframt krafðist þrotabúði þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða þrotabúinu fjárhæð sem svaraði til hinnar meintu gjafar, þ.e.a.s. mismunar þeirra lána sem hvíldu á bifreiðinni og framkvæmdastjórinn hafði yfirtekið annars vegar og ásetts söluverðs bifreiðarinnar hins vegar.

Kröfur þrotabúsins voru teknar til greina að fullu í héraði, og raunar vel það, þar sem dómsorðið hljóðaði svo, með smávægilegum úrfellingum höfundar: „*Sölu X á bifreiðinni ... til stefnda, Y, er rift. Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi X kr. 2.754.834,27 ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987 frá 26. okt. 1999 til greiðsludags og kr. 200.000 í málskostnað*“. Það sem stingur í augun er að dómsorðið hljóðar ekki aðeins upp á að gjafagerningnum um viðkomandi bifreið sé rift, heldur er söluinni sem slíkri rift, án þess að krafa hafi verið um það gerð af hálfu þrotabúsins.

Framkvæmdastjórinn áfrýjaði dómi héraðsdóms til Hæstaréttar Íslands þar sem hann krafðist sýknu eins og í héraði. Hæstiréttur féllst á kröfur þrotabúsins líkt og héraðsdómur. Dómsorð Hæstaréttar hljóðar svo, með úrfellingum höfundar: „*Héraðsdómur skal vera óraskaður að því er varðar riftun á sölu X á bifreiðinni ... til áfrýjanda, Y, og um málskostnað. Áfrýjandi greiði stefnda, þrotabúi X, 2.682.836 krónur ...*“. Dómsorð Hæstaréttar er svipað dómsorði héraðsdóms að þessu leyti, þ.e.a.s.



Viðar Lúðvíksson, bdl.

að rift er sölu þrotamanns á umræddri bifreið. Hér er hins vegar málum blandið.

-----  
*Kemur því á óvart að bæði héraðsdómur og Hæstiréttur ganga skrefinu lengra en rétt var og rifta sölu bifreiðarinnar án þess að krafa hafi verið um það gerð.*  
-----

Samkvæmt 131. gr. gþl. er heimilt að krefjast riftunar á gjafagerningum þrotamanns að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Kemur þá til skoðunar hvaða gerningar geta talist gjafagerningar í skilningi ákvæðisins. Hér er ekki rúm til að fjalla náið um það hugtak, en þess í stað vísast til góðrar umfjöllunar þar um í riti Viðars Más Matthíassonar, *Endurbeimt verðmæta við gjaldþrot*, sem gefið var út 2000.

Samkvæmt þeim gerningi, sem tekist var á um í framangreindu máli, innti viðtakandi bifreiðarinnar af hendi nokkurt endurgjald, ef svo má segja, í formi yfirtöku þeirra veðskulda sem á bifreiðinni hvíldu. Í þeim tilvikum þegar endurgjald er einungis innt af hendi fyrir hluta af verðmæti söluhlutar getur hinn eiginlegi *gjafagerningur* ekki talist varða annað en mismun á verðmæti hlutarins við söluuna annars vegar og greiddu end-

urgjaldi hins vegar. Í samræmi við þennan skilning á gjafahugtakinu skulu riftunarkröfur í dómsmálum á grundvelli 131. gr. gþl. eðlilega fela í sér kröfu um riftun á viðkomandi *gjafagerningi*, þ.e. þeim hluta gerningsins sem nefna mætti *gjafabluta* hans. Þá skal þeim kröfum jafnan fylgt eftir með kröfu um endurgreiðslu til þrotabúsins á fjárhæð sem svarar til verðmætis *gjafarinnar*; þ.e. til þess hluta sem endurgjald fékkst ekki fyrir í öndverðu. Til hliðsjónar má benda á umfjöllun í grein Viðars Más Matthíassonar, *Riftunareglur gjaldþrotalaga*, í 2. hefti Tímarits lögfræðinga 1988, einkum bls. 108 – 110.

Í framangreindu máli var kröfugerð þrotabúsins í samræmi við þessi sjónarmið. Kemur því á óvart að bæði héraðsdómur og Hæstiréttur ganga skrefinu lengra en rétt var og rifta sölu bifreiðarinnar án þess að krafa hafi verið um það gerð. Dómsorðin fela því að forminu til í sér að bifreiðin skuli ganga aftur til þrotabúsins, auk þess sem gjafþega er gert skylt að endurgreiða þann hluta bifreiðarinnar sem hann hafði fengið að gjöf. Sjá má í hendi sér að ef þrotabú fylgdu slíkum dómsorðum út í æsar gætu þau auðgast á kostnað gjafþegans um fjárhæð sem svarar til gjafahluta gerningsins.

Vel má vera að löngu máli hafi hér verið eytt í umfjöllun um smáatriði. Það væri samt sem áður fróðlegt að vita hvernig þinglýsingafulltrúar sýslumanns tækju á því ef skiptastjóri þrotabúsins, sem hlut átti að framangreindu máli, óskaði eftir því að fá dómi Hæstaréttar þinglýst sem eignarheimild þrotabúsins fyrir bifreiðinni.





## 98.000.000.000 evra í bauknum

Fólk velur framtíðarsparnað, slysa- og líftryggingar ekki af handahófi. Það leitar til áreiðanlegra fyrirtækja með traustan grunn. Því er engin tilviljun að Allianz er ein stærsta tryggingasamsteypa í heimi með hvorki meira né minna en 98 milljarða evra í sjóðum til endurgreiðslu við slys eða andlát. Það jafngildir um 9.476 milljörðum íslenskra króna. Fyrirtækið hefur 60 milljónir viðskiptavina og 120 þúsund starfsmenn í 77 löndum.

Allianz er eina erlenda tryggingafélagið með starfsstöð hér á landi.

**Allianz** 

– ein stærsta tryggingasamsteypa veraldar

# Mismunandi forræði á beiðni um dómkvatt mat

Niðurstaða dómstóla vegna beiðni um dómkvaðningu matsmanns í opinberu máli sem undirritaður átti aðild að er til efni þessa greinarstúfs. Ekki það að ég ætli að rengrja niðurstöðu Hæstaréttar í málinu en dómur réttarins var kveðinn upp þann 12. febrúar síðastliðinn í máli nr. 59/2002. Ég hef það helst fyrir sið að halda ekki áfram málflytningu eftir að dómur er genginn.

Það sem á hugann leitar er sá mismunur sem lög um meðferð einkamála og lög um meðferð opinberra mála gera á heimildum málsaðila til að óska eftir dómkvaðningu matsmanna til öflunar sönnunargagna. Þegar um einkamál er að ræða virðist fátt standa slíkrí beiðni fyrir þrífum eins og dómur Hæstaréttar í máli Íslenskrar erfðagreininger ehf. ofl. gegn Genealogia Islandorum hf. ofl., sem kveðinn var upp þann 30. ágúst 2000, er gott dæmi um. Í reifun sem fylgir dómnum segir: *Talið var að samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 ætti aðili rétt á að afla og leggja fram í einkamáli sönnunargögn, sem hann teldi málstað sínum til framdráttar. Þá var talið að þótt leitað væri eftir álitu matsmanna á atriðum, sem vörðuðu lagalega þætti, bindi niðurstaða matsgerðar í engu dómara eða takmarkaði svigrúm hans og skyldu til að meta þau endanlega sjálfur. Þá var einnig talið að Þ og G yrðu að bera balla af því að matsgerð, sem unnin væri eingöngu eftir ábendingum þeirra, teldist af þeim sökum ekki hafa viðhlítandi sönnunargildi við úrlausn málsins.*

*Annað er upp á teningnum í opinberum málum. Í nefndum dómi, í máli 59/2002, mátti ákærði færa fyrir því ítarleg rök hvers vegna óskað var dómkvadds mats sem*

-----  
*Að óreyndu hefði mátt ætla að mönnum sem standa frammi fyrir slíkum örlögum væri skapað nokkuð rúmt svigrúm til að færa fram sönnunargögn málstað sínum til stuðnings*  
-----

*síðan voru vegin og metin af dómstólum og léttvæg fundin:*

*Kröfu verjandans var hafnað meðal annars með vísan til þess að hann hefði áður fengið dómkvadda tvo menn sem hefðu svarað því til að ekki væri vitað um dauðsföll hér á landi, þar sem fíkniefnin MDMA, amfetamín og beróín hefðu verið talin aðalorsök dauða. Væri því bersýnilega ástæðulaust að dómkveðja matsmann á ný til að svara því til hverjar niðurstöður hefðu orðið af íslenskum rannsóknnum um líkur á dauðsfalli í blutfalli við fjölda neytenda hvers þessara fíkniefna, að því leyti, sem rætt yrði um þau sem aðalorsök dauða.*

*Að öðru leyti var talið að borin von væri að afla viðhlítandi upplýsinga um fjölda neytenda þessara fíkniefna, hér á landi eða erlendis, til að geta lagt mat á blutfallslegan fjölda þeirra, sem biðu bana af neyslu efnanna, auk þess sem óljóst væri á grundvelli hvaða erlendra rannsókna ætti að vinna slíkt mat. Var talið að öflun matsgerðarinnar væri sýnilega þarflaus til upplýsingar í málinu, sbr. 4. mgr. 128. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.*

Mér er vissulega ljóst að málsforræðisregla einkamálalaga gildir ekki þegar um opinber mál er að ræða

en hitt vekur í það minnsta mig til umhugsunar að þegar um einkamál er að ræða, sem að sönnu geta varðað mikilvæga hagsmuni, skuli frelsið í þessum efnum nánast vera óskorað en þegar um opinber mál er að ræða sem varða einhver mikilvægustu mannréttindi hvers manns, að ráða sínum næturstað, þá verði ekki á matsbeiðni fallist nema dómstólar séu fyrirfram nokkuð sannfærðir um að matsniðurstaðan muni skipta máli. Ákærði í nefndu máli átti yfir höfði sér fangelsisdóm og taldi öflun þessa mats skipta máli við mat á hættueiginleikum afbrots síns, sem síðan myndi geta haft áhrif á lengd þess tíma sem hann yrði sviptur frelsinu.

Að óreyndu hefði mátt ætla að mönnum sem standa frammi fyrir slíkum örlögum væri skapað nokkuð rúmt svigrúm til að færa fram sönnunargögn málstað sínum til stuðnings; að vistin á vegum hins opinbera eigi að vera styttri frekar en lengri. Samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 12. febrúar virðast lögin um meðferð opinberra mála hins vegar sníða þessum heimildum til öflunar dómkvadds mats fremur þröngan stakk. Auðvitað getur svigrúm ákærðra ekki verið án takmarkana en heldur sýnist löggjöfin afturhaldsöm í þessum efnum.

Það mun líða að því að lög um meðferð opinberra mála verði endurskoðuð. Í ljósi ofanritaðs sýnist óhætt að varpa því fram hvort rök standi til þess að draga úr þeirri „forsjárhyggju“ sem núgildandi lög gera ráð fyrir. Ef ákærður maður trúir því að dómkvatt mat muni leiða fram sannanir sem styðja hans málstað og er tilbúinn til að eyða fjármunum sínum í öflun slíks mats, sem síðan kemur honum kannski ekki að gagni við málsvörnina, hvers vegna að banna honum það?

# Pistill formanns í febrúar 2002

*Endurskoðun laga um lögmennt nr. 77/1998*

Ég hef setið í stjórn Lögmannafélagsins í fjögur ár, þau tvö síðari sem formaður. Ég hef stundað lögmenntu í nær 25 ár og hef því ekki talið það fórn heldur heiður að fá að vinna fyrir félagið fyrst þess var gefinn kostur. Nú finnst mér hins vegar kominn tími til að aðrir taki við og gef ekki kost á mér til endurkjör.

Þessi fjögur ár, og ekki síst að fá tækifæri til að leiða félagið, hafa verið gefandi og skemmtilegur tími. Stjórnin hefur verið virk og samhent og starfsfólk skrifstofu krafmikið. Vil ég þakka þeim stjórnarmönnum sem ég hef unnið með fyrir samstarfið og ekki síður starfsfólki skrifstofu, sérstaklega þeim Ingimari framkvæmdastjóra félagsins og Jónu sem leiðir félagsdeildina. Gott samstarf er gjöfult.

Lögmannafélagið, 90 ára gamalt, stendur styrkum fótum. Verkefnið er sem fyrr að gæta hagsmuna lögmannna og sjálfstæðis þeirra, og sinna ýmsum lögbundnum skyldum samkvæmt lögum um lögmennt, m.a. eftirliti með störfum lögmannna.

Dómsmálaráðherra ákveður vonandi að leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um lögmennt sem nú er fullbúið í ráðuneytinu en í því eru nýmæli sem við lögmennt höfum lagt áherslu á að ná fram og ég hef áður minnst á í þessum pistlum.

Á félagsviðinu hefur hæst borið efling félagsdeildar og að auka frekar samstarf við önnur félög lögfræðinga á fræðslu- og útgáfusviði. Er stjórn lögmannna einhuga um það svo og einnig stjórn Lögfræðingafélags Íslands sem er stærst félaga lögfræðinga. Önnur félög lögfræðinga hafa einnig lýst áhuga á aukinni samvinnu.



**Ásgeir Thoroddsen, hrl.**

Stjórn félagsins boðaði nýlega til kynningarfundar um aukið samstarf á félagssviði. Fundurinn var að vísu fámennur en fram komu raddir sem báru nokkurn kvíðboga fyrir því að með auknu samstarfi væri verið að stefna í hættu sjálfstæðri tilvist félagsdeildar Lögmannafélagsins, þótt menn legðust ekki beint gegn auknu samstarfi, þegar það þætti henta. Stjórn lögmannafélagsins hefur verið einhuga um að með sameiginlegum starfsmanni félaganna, í fullu starfi, megi ná betri árangri í þjónustu við lögmennt á sviði fræðslu- útgáfumála og á fleiri sviðum. Við lögmennt eigum ekki að bera kvíðboga fyrir því að mæta öðrum félögum lögfræðinga til að vinna sameiginlega að verkefnum. Við höfum gert það um árabíl með góðum árangri en betur má gera.

Við þurfum að hafa í huga að aðild að félagsdeild okkar er frjáls og þarf félagsdeildin því að standa sig til þess að lögmennt sjái sér hag af þáttöku sinni og eins þarf félagsdeildin að standa undir sér fjárhagslega. Hinu má heldur ekki gleyma að samkvæmt reglum hennar er þáttaka ekki bundin við lögmennt heldur geta allir lögfræðingar verið þar félagsmennt.

Ég nefndi það í upphafi að heiður er að fá þess kost að starfa

fyrir félagið. Störf lögmannna fyrir félagið eru ólaunuð en lögmennt hafa ekki talið það eftir sér að fórna nokkru af tíma sínum í félagsstörf þótt greiðsla komi ekki fyrir. Eina undantekningin um ólaunuð störf er þáttaka lögmannna í úrskurðarnefnd lögmannna en þar sitja auk lögmannna fulltrúar tilnefndir af dómsmálaráðherra og Dómarafélagi Íslands. Í lögum um lögmennt segir að Lögmannafélagið beri kostnað af störfum úrskurðarnefndar og þótti ótækt að sumir nefndarmanna væru launaðir en aðrir ekki. Stjórn félagsins og þeir lögmennt sem sitja í úrskurðarnefndinni með fastlaunamönnum ríkisins líta ekki svo á að störf þeirra í úrskurðarnefnd eigi að launa á grundvelli útseldrar vinnu lögmannna heldur séu þetta störf í þágu félagsins þar sem félagsstörf eru almennt ólaunuð en útheimta oft töluverða vinnu eins og t.d. seta í stjórn félagsins og laganefnd. Kostnaður af störfum úrskurðarnefndar þ.m.t. af starfi ritara nefndarinnar er töluverður og augljóslega vilji til að hann aukist ekki.

## Tilmæli til lögmannna frá Hæstarétti Íslands

Skrifstofustjóri Hæstaréttar Íslands hefur óskað eftir því við félagið að það komi þeim tilmælum á framfæri við lögmennt að þeir mæti við dómsuppkvaðningu í réttinum í þeim málum sem þeir hafa flutt.

# Lögmannavaktin 2001

Í þriðja tölublaði Lögmannablaðsins 2001 voru birtar upplýsingar um aðsókn á lög-

mannavaktina árin 1998-2000. Eftirfarandi eru upplýsingar um aðsóknina árið 2001 og til saman-

burðar birtar upplýsingar frá fyrri árum:

	1998	1999	2000	2001
Fjöldi kvenna:	76	90	108	98
Fjöldi karla:	47	65	69	75
<b>Samtals mættu</b>	<b>123</b>	<b>155</b>	<b>177</b>	<b>173</b>

Málaflokkar	1998	1999	2000	2001
Aðför/nauðungarsala		2	5	9
Almannatryggingar	1		1	1
Dánarbússkipti/gjaldþrotaskipti	2	3	4	8
Erfðamál	8	10	15	16
Fasteignir	23	28	27	21
Fjárskipti milli hjóna	11	10	9	19
Forsjámál	6	15	15	10
Greiðsluerfiðleikar, skuldaskil	7	8	13	20
Grenndarréttur	2	2		
Hjónaskilnaðarmál/sambúðarslit	16	20	38	21
Hjúskaparmál að öðru leyti	6	4	1	5
Húsaleiga	6	6	5	8
Neytendamál	3	3	5	6
Óskráð sambúð	2	2	5	1
Ráðningarsamningar/vinnuréttarmál	3	4	4	8
Refsimál	7	18	8	11
Skaðabótamál	18	19	22	12
Skattamál	6	3	1	2
Stjórnvöld	4	2	11	8
Vátryggingamál	2	2	4	6
Viðhalds- og viðgerðarsamningar	1	3	1	
Þjónustusamningar	1	5	1	
Annað*	17	20	23	25
<b>Samtals skráðir málaflokkar</b>	<b>152</b>	<b>189</b>	<b>218</b>	<b>217</b>

\* Útlendingar, landamerki, gallar, barnaverndarmál, lífeyrissjóðsmál, læknasamskipti, fjármál og fleira.

Sem fyrr eru fleiri konur en karlar sem nýta sér aðstoð félagsins en heildarfjöldi heimsóknna er nánast sá sami árið 2001 og árið á undan. Mun fleiri fyrirspurnir voru vegna greiðsluerfiðleika árið 2001 en fyrir-

spurnum um hjónaskilnaði og skaðabótamál fækkaði frá árinu 2000. Málin voru ýmist leyst með ráðgjöf eða ráðlagt var að leita lögmanns. Listinn yfir lögmenn á vaktinni var endurskipulagður og fjölg-

aði lögmönnum á listanum í tæplega 60 úr 38 árið á undan.

Lögmannafélagið vill þakka öllum lögmönnum sem hafa tekið þátt í uppbyggingu á vaktinni fyrir vel unnin störf.

MARKHÓPALISTAR

ÖKUTÆKJASKRÁ

FYRIRTÆKJAUPLÝSINGAR

VEÐBÖND

VÖKTUN

IL+

VOG

HLUTAFÉLAGASKRÁ

ÞJÓÐSKRÁ

VANSKILASKRÁ

REKSTRARSÖGUSKRÁ

HÆSTARÉTTARDÓMAR

WWW.LT.IS

## UPPLÝSINGAR ERU LYKILL AÐ ÁRANGRI

HÆSTARÉTTARDÓMAR, REGLUGERÐARSAFN, LAGASAFN OG RETTUR.IS

YFIR 100 LÖGMENN OG LÖGMANNSSTOFUR  
ERU ÁSKRIFENDUR AÐ ÞJÓNUSTU LÁNSTRAUSTS HF.

VANSKILASKRÁ  
REKSTRARSAGA  
VEÐBÖND  
ÖKUTÆKJASKRÁ  
HLUTAFÉLAGASKRÁ  
KVÓTI  
ÞJÓÐSKRÁ  
INNHEIMTUKERFI LÖGMANNA  
HÆSTARÉTTARDÓMAR  
MARKHÓPALISTAR  
FYRIRTÆKJAUPLÝSINGAR  
VÖKTUN FRAMHALDSUPPBOÐA  
VOG - VANSKIL OG OPINBERAR GJÖRÐIR

**AF** HVERJU ERT ÞÚ EKKI ÁSKRIFANDI?

TIL AÐ FÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR, HAFÐU SAMBAND VIÐ ERLU B. ÁRNADÓTTUR ERLA@LT.IS.



UPPLÝST ÁKVÖRÐUN

WWW.LT.IS

# „Handbókarlögfræði“

## *Um lagasnið og tilvísanir til lagagreina*

**H**vernig eiga lög að vera uppbyggð að formi til? Í 36. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, segir aðeins að lagafrumvörp skuli vera samin með lagasniði og í skýringum með þessari grein, sem fylgdu lagafrumvarpinu sem samþykkt var, er ekki að finna neina nánari útlistun á því hvað sé lagasnið. Sjálfsagt sjá flestir lögfræðingar lagasnið skýrt fyrir sér og lyfta nú brúnum spyrjandi: Hvert er vandamálið? Eftir að lög hafa verið samþykkt og staðfest er birting ófrávikjanlegt skilyrði fyrir gildi þeirra. Hvílar sú skylda á þeim meginrökum að allir skuli eiga kost á því að þekkja þær reglur sem fylgja ber. Lög og reglugerðir eru birt í Stjórnartíðindum og það er hinn eiginlegi lagatexti sem lagður er til grundvallar úrlausnum dómstóla. Sem dæmi um hefðbundna íslenska lagagrein má taka 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991:

### **65. gr.**

Lánardrottinn getur krafist að bú skuldarans verði tekið til gjaldþrotaskipta ef skuldarinn hefur stokið af landi brott eða fer annars huldu höfði og ætla má að það sé sökum skulda, enda megi telja að hætta sé á að dráttur á gjaldþrotaskiptum geti bakað lánardrottinum tjón.

Lánardrottinn getur annars krafist að bú skuldarans verði tekið til gjaldþrotaskipta að einhverju eftirtöldu fullnægðu, enda sýni skuldarinn ekki fram á að hann sé allt að einu fær um að standa full skil á skuldbindingum sínum þegar þær koma í gjald-daga eða verði það innan skamms tíma:

1. að kyrsetning, löggeymsla eða fjárnám hafi verið gert hjá skuldarinum án árangurs að einhverju leyti eða öllu á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag og ekki er ástæða til að ætla að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag hans,

Vísa má til þess að hér er einungis birtur hluti greinarinnar eða 1. mgr. og 1. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna.

-----  
*Ef við föllumst hins vegar á að of erfitt sé að telja út ónúmeraðar málsgreinar í íslensku lagasniði má*

### *Dana*

-----  
Mörg lög og reglugerðir eru þess eðlis að unnid er eftir þeim innan ýmissa faggreina nánast eins og um handbækur væri að ræða. Á undanförmum árum hefur í auknum mæli gætt viðleitni til þess að gera lög og reglur aðgengilegri að þessu leyti, sérstaklega með því að gefa lagagreinum heiti. Þá kröfu verður náttúrulega að gera að samræmis sé gætt sé þessi leið á annað borð valin. Sem dæmi um ágæta uppsetningu að þessu leyti má nefna 11. gr. laga um lífsýna-söfn, nr. 110/2000.

### **11. gr.**

#### *Þagnarskylda.*

Allir starfsmenn lífsýnasafna og þeir sem fá aðgang að þeim eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst eftir að starfi, rannsókn eða kennslu lýkur.

Sem dæmi um hið gagnstæða má taka 15. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

*Hættuleg efni ætluð til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, til þess að varna fúa eða til söttbreinsunar.*

### **15. gr.**

Hlíta skal um sölu hættulegra efna, sem skráð eru til þessara nota, útlát þeirra og notkun, fyrirmælum er sett verða í reglugerð, sbr. 16. gr.

Eins og sjá má vísar texti grein-

arinnar beinlínis til heitis hennar, m.ö.o. greinin verður ekki skilin án þess að heitið hangi við. Þá má deila um hvort hér sé um millifyrirsögn að ræða eða heiti greinar.

Sú viðleitni að gera lög aðgengileg fyrir notandann er að sjálf-sögðu góð. En „handbókarsnið“ er ekki það sama og „lagasnið“ og þessu tvennu má ekki rugla saman. Ekkert bannar að horfið sé frá formi laga og reglugerða eins og það birtist í Stjórnartíðindum til þess að gera þau auðveldari og aðgengilegri í daglegri notkun. Slíkur texti verður auðvitað ekki lagður til grundvallar við lagabreytingar eða við lögfræðilega túlkun en fyrir-komulagið getur eigi að síður verið hagkvæmt. Fyrir þá sem vinna við túlkun lagatexta fyrir dómstólum eða úrskurðaraðilum og þá sem vinna við lagabreytingar, skiptir máli að fylgt sé hefðbundnu lagasniði og tilvísanir séu ótvíræðar. Segja má að allir aukahlutir sem ekki skipta máli séu þar til óþurftar. Taka má upphaf IV. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, um hjóna-vígslu, sem dæmi í þessu sam-band.

#### *A. Vígslumenn.*

##### **1. Almennt.**

##### **16. gr.**

Stofna má til hjúskapar fyrir presti, forstöðumanni skráðs trúfélags er hefur vígsluheimild, sbr. 17. gr., eða borgaralegum vígslumanni.

##### **2. Prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga.**

##### **17. gr.**

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkju-lega hjónavígslu, svo og prestar og forstöðumenn annarra skráðra trúfélaga hér á landi sem fengið hafa löggildingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til þess.

Prestar þeir, er greinir í lögum nr. 78/1997, eru löggildir vígslumenn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákveður að öðru

leyti, að fengnum tillögum biskups, hvort aðrir prestar, sem starfa innan þjóðkirkjunnar, séu löggildir vígslumenn.

Þjóðkirkjuprestir, sem látið hefur af prestsembætti, er rétt að gefa saman hjón, að fenginni heimild tiltekins prests þjóðkirkju er kannað hefur hjónavígsluskilyrði og tekist á hendur ábyrgð á færslu hjónavígslu í kirkjubók og skýrsluskilum í því sambandi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur löggilt íslenska presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis.

### 3. Borgaralegir vígslumenn.

#### 18. gr.

Borgaralega hjónavígslu framkvæma sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

### 4. Hjónavígsluheimild starfsmanna íslenskra sendiráða.

#### 19. gr.

Utanríkisráðuneytið getur, að höfðu samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sett reglur um heimild starfsmanna í íslenskum sendiráðum, er hafa diplómatiska stöðu, til að framkvæma hjónavígslur erlendis, svo og um vígsluheimild ræðismanna Íslands erlendis með sama fyrirvara.

Ákvæði laga þessara um hjónavígsluskilyrði, könnun þeirra, svo og hjónavígslu, gilda einnig um hjónavígslu skv. 1. mgr., svo og skv. 4. mgr. 17. gr.

Því má velta upp hvaða tilgangi staflíðir og tölulíðir í fyrirsögnum þjóni. Þeim er varla ætlað að hafa tilvísanagildi en hvað gerist ef vísað er til þess í dómsmáli að hjónavígsla sé gild, sbr. 4. tölulíð a-liðar IV. kafla hjúskaparlaga, þar sem hún var framkvæmd af til þess bærum diplómat? Þegar lesin er 2. mgr. 19. gr. hjúskaparlaga vaknar sú spurning einnig hvort millifyrirsagnir séu í raun leiðbeinandi þar sem fyrirmæli hennar einskorðast ekki við þann hóp sem vísað er til í fyrirsögn greinarinnar. Hvernig eiga lögmenn að vísa til framangreindra greina í dómsmáli og ef breyta þarf þessum lögum, hvernig á þá að fara með millifyrirsagnir og fyrirsagnir? Hér er ekki um einsdæmi að ræða þó fleiri dæmi verði ekki nefnd.

Annað sem vert er að nefna í þessu sambandi eru tengsl laga og reglugerða. Nokkuð hefur borið á því að settar séu reglugerðir um nánari framkvæmd laga sem endurtaka allan texta laganna og síðan

meira til. Rökin eru þau að notandinn þurfi þá ekki að líta nema á einn stað. Hér er hins vegar mjög vandmeðfarið málið. Það vill til dæmis brenna við að textinn sé ekki alveg samhljóða í lögnum og reglugerðinni. Lagalega er enginn vafi á því hvor textinn er réthærrir. Því á að forðast að endurtaka lagatexta í stjórnvaldsfyrirmælum, nema þess sé brýn þörf og þá verður að gæta þess að orðalagið sé nákvæmlega hið sama. Hins vegar er það mjög til fyrirmyndar ef t.d. einstaka stofnanir leggja út í þá vinnu að gefa út handbók um þau lög og reglugerðir sem taka til starfsemi þeirra og einstaklingum og fyrirtækjum er ætlað að vinna eftir. Í slíkri útgáfu má fella saman og skýra hluti. En að sjálfsögðu er slík framsetning á ábyrgð útgefenda sem þyrfti að tiltaka að unnið væri með lagatexta en ekki notast við það lagasnið sem birtist í Stjórnartíðindum.

Að lokum skal vikið að öðru en náskyldu atriði en það er snið laga-greinarinnar sjálfrar. Að framan var 65. gr. gjaldþrotalaga tekin sem dæmi um hefðbundna lagagrein. Þau lög voru sett við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, þegar öll réttarfarslöggjöfin var til endurskoðunar. Það vekur því furðu að á sama tíma skyldu lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, vera samin með öðru sniði.

#### 8. gr.

1. Þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Dómara er þó rétt að ákveða að dómþing skuli haldið fyrir luktum dyrum:

- a. til hlífðar sakborningi eða nánum vandamönnum hans þegar sérstaklega stendur á,
- b. til hlífðar brotaþola, vitnum eða öðrum sem málið varðar.
- c. ef um er að ræða þinghöld meðan á rannsókn máls stendur og sérstök hættu þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum,
- d. ef sakborningur er undir 18 ára aldri,
- e. af velsæmisástæðum,
- f. vegna öryggis ríkisins,
- g. ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi þingfriði.

2. Dómari tekur ákvörðun um lokað þinghald að eigin frumkvæði eða eftir

kröfu ákæranda, sakbornings eða brotaþola. Ákvörðunina skal bóka í þingbók og vísa til þess ákvæðis í grein þessari sem við á. Sá sem fellir sig ekki við ákvörðun dómara getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum.

Hér kann framsetning að ráðast af mismunandi smekk þeirra sem unnu að vinnslu frumvarpanna en það atriði eitt og sér getur ekki réttlætt frávik frá hefðbundnu lagasniði. Ef þess er krafist að dómþing sé haldið fyrir luktum dyrum vegna ungs aldurs sakbornings ber að vísa til a-liðar 1. mgr. 8. gr. laganna. Einhverjir kynnu þó að vísa til a-liðar 1. tölul. 8. gr., ef þeir vissu ekki betur.

Þetta er kannski ekki stórmál, en ef unnendur hefðar fyrir íslensku lagasniði vilja komast í virkilega vont skap er bent á lög um heilbrigðisþjónustu, endurútgefin sem lög nr. 97/1990. Lögin byggjast á öðru og velþekktu kerfi – decimalkerfi. Hér er ekki ætlunin að stæla um hvort þetta kerfi sé gott eða hvort heldur einungis á það bent að íslenskt lagasnið byggist ekki á því. Ástæða fyrir því að þessi leið var valin í lögnum var væntalega fyrst og fremst sú að í þeim eru upp-talningar í mörgum liðum.

#### 14. gr.

14.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum skv. 6. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæsluumdæmi, og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu, eftir því sem við verður komið. Heilsugæsluumdæmi og heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér greinir:

#### 14.2. REYKJAVÍKURHÉRAÐ

Í Reykjavík skulu starfrækt fjögur heilsugæsluumdæmi sem hér segir:

1. Vesturbæjarumdæmi þar sem starfa þrjár heilsugæslustöðvar sem hér segir:

1.1. Garðastræti H2, starfssvæði Sóleyjargata, Frikkirkjuvegur og Lækjargata að austan og Hringbraut til sjávar að sunnan.

1.2. Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg H2, starfssvæði Sóleyjargata, Frikkirkjuvegur og Lækjargata að vestan, flugvöllur að sunnan og Snorrabraut að austan.

1.3. Drápuhlíð H2, starfssvæði Hlíðahverfi, Norðurmýrar- og Túnahverfi sem markast af Snorrabraut og flugvallarsvæði að vestan og Kringlumýrarbraut að austan.

Athyglisvert er að málgreinin er númeruð t.d. 14.2., síðan er töluliðurinn 1., en undirliðir 1.1. o.s.frv. Ef fullt samræmi hefði verið þá hefði átt að kalla 1. tölulið 14.2.1. og síðan undirlið 14.2.1.1. o.s.frv. En hvernig ber að vísa til heilsugæslustöðvarinnar Drápuhlíð H2? Er hún í lið 14.2.1.1.3. eða í lið 1.3 í 1. lið málsgreinar 14.2? Íslenskt lagasnið hefði getað leyst þennan vanda. Ef við föllumst hins vegar á að of erfitt sé að telja út

ónúmeraðar málsgreinar í íslensku lagasniði má e.t.v. líta til lagasniðs Dana, en þaðan hefur íslensk lögfræði margt gott þegið. Almennt er þar í landi tiltekið með skammstöfun að um málsgrein sé að ræða og hún númeruð. Ganga mætti enn lengra og tiltaka að um tölulið og síðan staflið væri að ræða. Ofangreint ákvæði um heilsugæslustöðina í Drápuhlíð yrði þá eitthvað á þessa lund.

14. gr.

2. mgr. REYKJAVÍKURHÉRAÐ. Í Reykjavík skulu starfrækt fjögur heilsugæsluumdæmi sem hér segir:

1. *tölul.* Vesturbæjarumdæmi þar sem starfa þrjár heilsugæslustöðvar sem hér segir:

*c-líður:* Drápuhlíð H2, starfssvæði

Í Hlíðunum er því læknisleitandi vísað til þeirra sem starfa í heilsugæslustöð sem tilgreind er í c-lið, 1. tölul., 2. mgr. 14. gr. laganna.

## Vínsmökkunarnámskeið



**Einar Thoroddsen læknir bellir í glas.**

Félagsdeild stóð fyrir vínsmökkunarnámskeiði í lok nóvember síðastliðinn. Einar Thoroddsen, læknir og vínáhugamaður sá um fræðsluna. Fjöldi lögmannna og maka mættu í kalsaveðri og yljúðu sér við rauðvínssöppann. Einhverjir spýttu þó í þar til gerð box en þó mátti sjá einn og einn sopa renna ljúflega niður... Alls var boðið upp á 13 tegundir af rauðvíni frá ýmsum heimshlutum og skrifuðu gestir niður athugasemdir eftir hverja tegund. Er víst að einhverjar tegundir hafi selst upp í vikunni á eftir því samkvæmt frásögn Einars kaupir hann ekki minna en einn kassa af hverri tegund í einu. Ljóst er að lögmenntóku þá athugasemd alvarlega ef lesa mátti úr svip þeirra.



**Séð yfir bóþinn.**



**Síð Konráðsdóttir brl. og Ástráður Haraldsson brl. einbeitt á svip við smökkunina.**




# Mál til afgreiðslu hjá úrskurðarnefnd lögmanna á árinu 2001

Á síðasta starfsári fékk úrskurðarnefnd lögmanna 42 mál til meðferðar, en að auki afgreiddi hún 14 mál frá árinu áður. Af þessum 42 nýju málum voru 11 deilumál um þóknun, 25 mál mál um meint brot á góðum lögmannsháttum og 6 mál fjölluðu um hvoru tveggja. Helstu niðurstöður í þeim málum sem afgreidd voru, eru sem hér segir:

Úrskurður – þóknun	9
Úrskurður – sýkna	13
Úrskurður – aðfinnsla	6
Úrskurður – áminning	3
Fellt niður eða afturkalla	6
Frávisun	5
Ólokið 31.12.2001	20

(Rétt er að benda á að í nokkrum tilvikum var fjallað um tvö óskyld kærutriði eða hvoru tveggja, ágreining um þóknun og kæru, í sama málinu).

Fjöldi kæru- og ágreiningsmála sem stjórn félagsins og nú úrskurðarnefnd lögmanna hafa haft til meðferðar undanfarin ár er sýndur á meðfylgjandi mynd.



## Hádegisverðarfundur um aukið samstarf félagsdeildar LMFÍ og Lögfræðingafélag Íslands

Þann 21. febrúar s.l. hélt Lögmannafélag Íslands hádegisverðarfund á Grand Hótel, þar sem kynntar voru hugmyndir um aukið samstarfi félagsdeildar LMFÍ og Lögfræðingafélags Íslands, en starfssvið þessara félaga liggur að mörgu leyti saman. Frummælendur á fundinum voru Ásgeir Thoroddsen hrl. og Helgi Jóhannesson hrl. Gerðu þeir grein fyrir því aukna hagræði sem ná mætti í rekstri félagsanna, auk þess sem slíkt samstarf hefði í för með sér betri og markvissari þjónustu við félagsmenn. Einnig tóku til máls Jakob R. Möller hrl., Lúðvík Kaaber hrl., Sigurmar K. Albertsson hrl. og Gísli Tryggvason hdl. Snarpar umræður áttu sér stað um málefnið og menn ekki á eitt sáttir um ágæti slíks

samstarfs, en tillaga um þetta efni verður væntanlega borin upp á aðalfundi félagsdeildar LMFÍ hinn 15. mars n.k. Fundarstjóri á fundinum var Lára V. Júlíusdóttir hrl., en hann sóttu um 30 manns.



# Breytingar á félagatali

**Ný málflytningaréttindi fyrir Hæstarétti Íslands**

**Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl. Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl.**

**Ný málflytningaréttindi fyrir héraðsdómi**

**Guðfinna Jóhanna Guðmundardóttir hdl.**

Lögfræðipjónustan ehf.  
Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7  
103 Reykjavík  
S: 520-5588  
Fax: 568-9948

**Endurútgefin málflytningaréttindi fyrir héraðsdómi**

**Andrés Valdimarsson hdl.**

Heiðmörk 59  
810 Hveragerði  
S: 482-2288

**Margrét Heinreksdóttir hdl.**

Mannréttindaskrifstofa  
Laugavegi 7  
101 Reykjavík  
S: 552-2720  
Fax: 552-2721

**Katrín Theodórsdóttir hdl.**

Skeifunni 11a  
108 Reykjavík  
S: 568-8640  
Fax: 692-0310

**Nýr vinnustaður:**

**Anton Björn Markússon hdl.**

Borgarskrifstofu/skrifstofa borgarlög-  
manns  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík  
S: 563-2000  
Fax: 563-2029

**Arnar Þór Sævarsson hdl.**  
Landssíminn hf.  
Landsímahúsinu v/Austurvöll  
101 Reykjavík  
S: 550-6487  
Fax: 550-6009

**Ásgeir Thoroddsen hrl. Lögmannsstofa Ásgeirs Thoroddsen hrl. ehf.**

Laugavegi 99  
S: 545-0500  
Fax: 545-0501

**Elísabet Sigurðardóttir hdl.**

Fulltingi ehf.  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
S: 533-2050  
Fax: 533-2060

**Hildur K. Friðleifsdóttir hdl.**

Löggildingarstofa  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík  
S: 510-1100  
Fax: 510-1101

**Jóhann Halldórsson hrl.**

Lögmannsstofa Jóhanns  
Halldórssonar ehf.  
Skrúðási 5  
210 Garðabær  
S: 595-4409  
Fax: 595-4499

**Ólafur Helgi Árnason hdl.**

Landsbanki Íslands, lögfræðideild  
Laugavegi 77  
101 Reykjavík  
S: 560-6860  
Fax: 562-3908

**Ómar Karl Jóhannesson hdl.**

Landsbanki Íslands – lögfræðideild  
Laugavegi 77  
155 Reykjavík

**Sjöfn Kristjánsdóttir hdl.**

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar  
Fríkirkjuvegi 3  
101 Reykjavík  
S: 570-5800  
Fax: 562-2616

**Sameining lögmannsstofa:**

Lögmannsstofan Síðumúla 9 ehf. og  
GÁJ lögfræðistofa ehf. hafa sameinað  
skrifstofur sínar og rekstur undir nafn-  
inu:

**Lögborg ehf.**

Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
S: 588-3000  
Fax: 588-3010

**Guðjón Ármann Jónsson hrl.**

**Eva Margrét Ævarsdóttir hdl.**

**Halla Bergþóra Björnsdóttir hdl.**

**Jón Ármann Guðjónsson hdl.**

**Kristinn Hauksson hdl.**

Lögmennirnir Ólafur Garðarsson hrl.  
og Jóhannes Albert Sævarsson hrl.  
hafa gengið til liðs við Lögfræðistofu  
Reykjavíkur ehf., sem einnig hefur  
flutt aðsetur sitt.

**Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.**

Vegmúla 2  
108 Reykjavík  
S: 515-7400  
Fax: 515-7401

**Guðrún Helga Brynleifsdóttir hdl.**

**Jóhannes Albert Sævarsson hrl.**

**Jón G. Tómasson hrl.**

**Ólafur Garðarsson hrl.**

**Steinar Þór Guðeinsson hdl.**

**Sveinn Andri Sveinsson hrl.**

**Tómas Jónsson hrl.**

## AÐALFUNDUR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 2002 verður haldinn  
föstudaginn 15. mars n.k., kl. 14:00 í Sunnusal Hótel Sögu.  
Aðalfundarstörf samkvæmt 8. gr. samþykktu félagsins.

Að loknum aðalfundi LMFÍ verður haldinn aðalfundur fé-  
lagsdeildar LMFÍ.

Aðalfundarstörf samkvæmt 6. gr. reglna um félagsdeild LMFÍ.

**Stjórn Lögmannafélags Íslands.**

## Til leigu

\* Lítið skrifstofuherbergi inni á  
lögfræðiskrifstofu Lögskila ehf. að  
Suðurlandsbraut 48. Húsgögn  
fylgja, aðgangur að ljósritun og  
fleiru.

**Upplýsingar veita:**

Hilmar Magnússon,  
568 2010 & 8992660 og Björn  
Ólafur Hallgrímsson 568 2010 &  
897 8489.

# Fréttir frá félagsdeild

## **Þjónustuskrá lögmanna**

Með tilkomu nýrrar heimasíðu Lögmannafélagsins urðu ýmsar breytingar frá eldri útgáfu heimasíðunnar. Meðal annars er lögmönnum boðið að skrá þjónustu sína á heimasíðuna. Öllum sjálfstætt starfandi lögmönnum var sent bréf og skráningareyðublað. Töluverður hópur skráði sig strax og í febrúar höfðu rúmlega 90 sjálfstætt starfandi lögmenn skráð sig í þjónustuskrána.

Félaginu berast mörg símtöl á dag þar sem almenningur og fyrirtæki eru að leita eftir aðstoð lögmanns. Félagið getur ekki bent á einstaka lögmenn eða lögmennsstofur en getur nú vísað á þjónustuskrá lögmanna á heimasíðunni. Hægt er að velja lögmenn eftir málaflokkum og staðsetningu. Hver lögmaður getur skráð sig fyrir allt að 10 flokkum. Þeir sem eiga aðild að félagsdeild fá 25% afslátt af skáningsgjaldi og er skáningsgjaldið þannig kr. 1.200.- á ári fyrir hvern skráðan flokk.

Til stendur að hægt verði að skrá fulltrúa lögmanna í þjónustuskrá þar sem nokkrar stofur hafa sent inn beiðni þar að lútandi. Verða fulltrúar þá merktir inn sérstaklega hjá viðkomandi lögmanni eða stofu.

## **Afsláttarsamningar**

### **Penninn - Eymundsson**

Við eigendaskipti hjá Griffli í haust breyttust samningar félagsdeildar og Griffils. Félagsdeild gerði samning í byrjun árs við Pennann og Eymundsson. Um er að ræða verulegan afslátt af ritföngum og skrifstofuvörum. Gildir afslátturinn í öllum verslunum Pennans á Stór-Reykjavíkursvæðinu; í Hallarmúla, Krínglunni, Smáranum, Hafnarfirði og Austurstræti. Einnig gildir afslátturinn á Akureyri og í Vestmannaeyjum.



Jóna K. Kristinsdóttir

### **World Class**

Samningur við líkamsræktarstöðina World Class var endurnýjaður um áramótin og er árskort á kr. 29.100. Gildir afslátturinn bæði í Fellsmúla og í Spönginni. Tímabundin tilboð frá öðrum líkamsræktarstöðvum hafa einnig borist lögmönnum reglulega.

### **Önnur afsláttarkjör**

Rafiðnaðarskólinn sagði upp samningi við félagsdeild í lok ársins 2001 vegna breytinga og var gerður nýr samningur við Tölvuskóla Reykjavíkur. Gildir afslátturinn af öllum styttri tölvunámskeiðum bæði fyrir lögmenn og starfsmenn.

### **Námsferð til New York 4. til 8. september 2002**

Eins og kynnt var í síðasta blaði hefur fræðslunefnd félagsins ákveðið að fara til New York haustið 2002. Sameinuðu þjóðirnar hafa boðið félaginu í heimsókn þann 5. september og verður m.a. boðið upp á fyrirlestra af hálfu lög-

fræðideildar og mannréttindadeildar Sameinuðu þjóðanna svo og kynnisferð um húsakynninn. Einnig er fyrirhugað að heimsækja fleiri aðila sem tengjast lögmennsku svo sem lögmennsstofur, lögmannafélög og dómstóla. Búið er að afla tilboða í flug og gistingu og hefur ferðin verið auglýst fyrir félagsmönnum LMFÍ. Flugleiðir fljúga aðeins fimm sinnum í viku í haust til New York og er sætaframboð því takmarkað. Frestur til að skrá sig í ferðina rann út þann 28. febrúar síðastliðinn en hægt er að hafa samband við fulltrúa Flugleiða, Helgu Ólafsdóttur, í síma 50 50 484 eftir að frestur rennur út ef sæti eru laus. Endanlegt verð og dagskrá verða kynnt síðar.

### **Karnov - tilboðið**

Síðastliðið sumar fór félagsdeild þess á leit við útgáfufélagið Thomson í Danmörku að fá tilboð í Karnov og UfR á tölvutæku formi. Eftir sex mánaða bið eftir svári kom loks endanlegt svar frá Thomson. Forlagið hefur átt í málaferlum við danska lögmannafélagið vegna verðmyndunar á Karnov, sem lögmannafélagið taldi óeðlilega, og vildu þeir því hinkra með tilboðið þar til málaferlunum lyki. Thomson Forlaget vann málið og bjóða LMFÍ því sama verð og Danska lögmannafélaginu.

Tilboðið er eftirfarandi og gildir pr. lögmennsstofu/stofnun/fyrirtæki:

	Dkr.	Dkr.
Fjöldi lögmanna	Karnov	UfR
1	7.350	5.670
2	5.250	1.360
3-6	3.150 pr. notanda	1.050 (pr. notanda)
7	2.650 pr. notanda	730 (pr. notanda)

Verðdæmi miðað við lögmanns-  
stofu með 7 lögmonnum.

Fjöldi lögmannna	Dkr. Karnov	Dkr. UfR
1	7.350	5.670
2	5.250	1.360
3	3.150	1.050
4	3.150	1.050
5	3.150	1.050
6	3.150	1.050
7	2.650	730
Samtals	27.850	11.960

Ef lögmennt hafa áhuga á að nýta  
sér tilboðið þá vinsamlega hafið



**Gutenberg**  
Eins og stafur á bók

Síðumúla 16-18 • Sími 533 2525 • Fax 533 2550

samband við Line Krener hjá  
Forlaget Thomson, sími:00 45 3374  
0787, netfang: line.krener@thom-  
son.dk.

### **Forrit fyrir örorkutjónsút- reikninga**

Félagsdeild hefur verið í sambandi  
við Samband íslenskra tryggingafé-  
laga, SÍT, um aðgang að forriti sem  
tryggingafélögin hafa verið að  
hanna fyrir örorkutjónsútreikninga.  
Til stendur að lögmennt fái aðgang  
að forritinu en verið er að prufu-  
keyra það hjá tryggingafélögunum  
og sníða af þá vankanta sem óneit-  
anlega koma upp í byrjun. Að því  
loknu verður forritið væntanlega  
aðgengilegt lögmonnum.

### **Rekstrar – og stjórnunarnám**

Félagsdeild, í samstarfi við fræðslu-  
nefndir Lögfræðingafélags Íslands  
og Dómarafélags Íslands, bauð  
upp á sérhæft rekstrar- og stjór-  
nunarnám fyrir lögfræðinga hjá Há-  
skólanum í Reykjavík í byrjun árs

2002. Ekki bærust nægilega margar  
umsóknir um námið og var ákveð-  
ið að fresta því til hausts. Félögin  
ákváðu að gera skoðanakönnun  
hjá 50 manna úrtaki allra félaga til  
þess að fá upplýsingar um áhuga  
lögfræðinga á slíku námi og endur-  
menntun almennt. Úrvinnslu  
könnunarinnar lýkur í mars og  
verður væntanlega kynnt í næsta  
tölublaði.

### **Ársbátíð LMFÍ**

Laugardagskvöldið 16. mars verður  
hin árlega ársbátíð félagsins haldin.  
Stefnt er að metþátttöku en í fyrra  
var aðsókn hin mesta í mörg ár.  
Heimateiti lögmannna verða um  
borg og bæ og hefjast kl. 17.30.  
Hljómsveitin Milljónamæringarnir  
leikur fyrir dansi og verður boðið  
upp á fjölbreytt skemmtiatriði.  
Heiðurgestur kvöldins verður Þór-  
arinn Eldjárn rithöfundur og veislu-  
stjóri Ástráður Haraldsson hrl.  
Miðaverð er það sama og í fyrra kr.  
8.000.-

## **Þýðingar og textaráðgjöf**

Löggiltar og almennar þýðingar  
á ensku, norðurlandamál,  
frönsku, þýsku og rússnesku  
(nú þýðendur og túlkar).  
Dóm og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dóm túlkur og skjalþýðandi.  
Laugavegi 163a - sími: 562-6588  
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717  
netfang: ellening@simnet.is



**Þú getur  
fengið þá  
á netinu!**

**www.pmt.is**  
**ALLAR GERÐIR STIMPLA**



**pmt**  
last miðar & tæki ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889



# LUKKUNNARPAMFÍLL



## KOSTIR SÉREIGNARSPARNAÐAR SAMEINAÐALÍFEYRISSJÓÐSINS ERU ÓTÍRÆÐIR

- Fjölbreyttar ávöxtunarleiðir.
- Hægt er að nýta sér fleiri en eina sparnaðarleið samtímis og færa kostnaðarlaust milli leiða hvencr sem er.
- Lægsta umsjúslugjald.\*
- Hæsta ávöxtun á innlendum skuldabréfasjóði.\*
- Hæsta ávöxtun á erlendum hlutabréfaleiðum.\*
- Hæsta ávöxtun á aldursleiðum.\*
- Enginn sölukostnaður.\*



Mótframlag launagreiðanda í séreignarsjóð hækkar um næstu áramót. Skráðu þig strax í Sameinaða lífeyrissjóðinn, það borgar sig!

Leitaðu nánari upplýsinga á vefsíðu okkar, [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is), eða í síma 510 5000.

\*Samkvæmt úttekt og samanburði Morgunblaðsins á séreignarlífeyrissjóðum, 24. okt. 2001.

# Nýkomnar bækur á bókasafn LMFÍ

**L**igestillingslovene med kommentarer eftir Agnete Andersen, Ruth Nielsen og Kirsten Precht - 4. útgáfa af skýringarriti við dönsku jafnréttislögin

Lov om behandling af personoplysninger eftir Kristian Korfits Nielsen og Henrik Waaben - Skýringarrit við dönsku persónuverndarlögin er gengu í gildi á árinu 2000. Meðal annars er tekið tillit til ákvarðana Datatilsynet fram til 1. júlí 2001.

Lov om visse betalingsmidler eftir Susanne Karstoft - Lagaleg atriði tengd greiðslumiðlun.

Kommentaret straffelov eftir Vagn Greve, Asbjørn Jensen og Gorm Toftegaard Nielsen - 7. útgáfa af almenna og sérstaka hluta refsiréttarins.

Lærebog i arbejdsret eftir Ruth Nielsen - Fjallað er um m.a. rétt-

arstöðu launþega og breytingar á stöðu vinnuveitanda.

Legal Aspects of Electronic Commerce eftir Jens Fejø, Ruth Nielsen & Thomas Riis - Kostir og gallar nálgunar löggjafar á þessu sviði í Bandaríkjunum og Evrópu, alþjóðlegur einkamálaréttur o.fl.

Domstolsprøvelse, afskæring og begrænsning eftir Rasmus Skovsgaard Hugaard & René Dejbjerg Pedersen - Í frétt forlagsins greinir frá því að í ritinu sé komist að þeirri niðurstöðu að dómstólar endurskoði ákvarðanir stjórnáslunnar í ríkari mæli en lög geri ráð fyrir.

Informationsmisbrug eftir Jesper Lau Hansen - Dönsk doktorsritgerð á sviði verðbréfaréttar um meðferð á trúnaðarupplýsingum.

Søloven med kommentarer eftir Jørgen Bredholt, Jesper Martens

og Allan Philip - 4. útgáfa skýringarrits við dönsku siglingalögin.

Entreprisesret eftir Hans Henrik Vagner & Torsten Iversen - Verktakaréttur, 3. útgáfa.

Konkurrenceloven med kommentarer eftir Kirsten Levinsen - 2. útgáfa skýringarrits við dönsku samkeppnislögin.

Contract Law and Practice eftir Michael H. Whincup

International Commercial Law, Source materials eftir Willem J.H. Wiggers

International Conventions Affecting Children eftir Jeremy Rosenblatt

Ennfremur hefur verið ákveðið að kaupa UfR og Karnov á rafrenu formi síðar á árinu.

## Groa@leiti.is

### Efni: Góldmedaíur.

Hæ. Svona af því að vetrarólympíuleikarnir voru um daginn þá datt mér í hug það þegar Ásgeir var að stafna gullmerkjunum á formennina okkar þarna í afmælinu. Mér fannst það dálítið sætt að heiðra gömlu mennina, það er ekki svo margt sem verður mönnum til gleði þegar aldurinn færast yfir. Nema, fannst þér það ekki smá skritið, eftir að hafa heyrt öll útvarpsviðtölin við hann fyrir um daginn, að fremsti vörður sjálfstæðis lögmennastéttarinnar skyldi smella fyrsta gullmerkinu sem veitt hefur verið á utanfélagsmann úr ráðuneytinu sem helst passar upp á stéttina. Ráðuneytið sem hirðir af okkur leyfin ef við blöndurum. Er það ekki þínúlflið mótsagnarkennt að flytja sjálfstæðisræðurnar fyrir hádegi en láta svo formennina okkar gömlu standa í

röð, eftir hádegi, á meðan lofinu og gullinu er hlaðið á holdgerving Stóra Bröður?

*Kveðja, Gróa.*

### Efni: Námskeiðahald og svoleiðis.

Blessuð. Svakalega var Helgi Jó snöggur að koma námskeiðahaldinu og endurmenntuninni okkar til gamla skólans síns. „Einu sinni í Verzzló, alltaf í Verzzló“ sungu menn víst góðgladir í den. En asskoti er þetta dýrt þarna á marmaraflísunum. Svo virðist eitthvað misjöfn aðsóknin, alla vega minnti „tilboðs“ meilið frá félaginu um vinnuréttarnámskeiðið, sem kom um daginn, helst á blaðastrákana í Austurstrætinu klukkan hálf þrjú – með alltof mörg aukablöð óseld.

*kveðja, Gróa.*

# Eiga Íslendingar vinsælustu laganema í heimi?

Leifur Eiríksson málfutningsfélag heldur senn í þriðja skipti vestur um haf til þátttöku í alþjóðlegri málfutningskeppni, „The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition“. Keppendur félagsins eru nemendur við lagadeild Háskóla Íslands. Á síðum Lögmannablaðsins hefur áður verið fjallað um félagið og keppnina. Það skal þó rifjað upp að félagið var stofnað árið 2000 til að standa að þátttöku íslenskra laganema í keppninni. Um er að ræða stærstu málfutningskeppni í heimi en hún hefur verið haldin árlega frá 1959 á vegum ILSA, „International Law Students Association“. Í hvert sinn taka þátt í keppninni um 1700 laganemar frá um 330 skólum víðs vegar í heiminum. Keppnin er sett upp sem málarekstur tveggja ímyndaðra ríkja á sviði þjóðaréttar fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Nánari upplýsingar um keppnina má finna á heimasíðu ILSA, [www.ilsa.org](http://www.ilsa.org).

Lið á vegum Leifs Eiríkssonar málfutningsfélags hafa nú í tvígang, árin 2000 og 2001, tekið þátt í lokaumferð keppinnar sem fer ávallt fram í Washington D.C. Íslenskt lið mun svo taka þátt í lokaumferðinni í ár, sem fer fram dagana 10. — 16. mars nk. Að þjálfun keppenda hafa m.a. komið, auk undirritaðs, Edwin P. Brown, lögfræðingur og viðskiptafultrúi í bandaríska sendiráðinu í Reykjavík, Guðmundur Eiríksson, dómari við Alþjóðlega hafréttardóminn, og Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins. Hefur leiðsögn þeirra tvímælalaust verið keppendum mjög verðmæt. Einnig hafa prófessorar við lagadeildina, lögmenn og dómarar komið að þjálfun með því að hlýða

á málfutning keppendanna fyrir brottför og gefa þeim góð ráð. Auk þess hafa keppendur fyrri ára tekið þátt í þjálfuninni og kringum þetta starf myndast samstilltur og skemmtilegur hópur.

Sem dæmi um gott starf hópsins má benda á gleðilega upptöku í keppninni í fyrri, sem fyrrsögn greinar þessarar vísar til. Hápunktur keppinnar fyrir hópinn var að íslenska liðið fékk verðlaunin „Spirit of the Jessup Award“ sem samkvæmt reglum keppinnar eru veitt „to recognize the Team that best exemplifies the Jessup spirit of camaraderie, academic excellence, competitiveness, and appreciation of fellow competitors...The award is intended to establish the standard to which all participants should strive to govern their performance and professional demeanor“.

Er það vissulega mikil viðurkenning fyrir liðið og starfsemi félagsins að af 68 liðum sem tóku þátt í lokaumferð keppinnar skuli þátttakendur hennar velja íslenska liðið til að hljóta þessi verðlaun. Er þetta sérstaklega ánægjulegt þar sem þetta var aðeins í annað sinn sem íslenskt lið tók þátt í keppninni. Þykir rétt að nefna hér liðsmenn, en þeir voru Eggert Páll Ólason, Geir Gestsson, Hulda María Stefánsdóttir, Ragnar Jónasson og Rúnar Örn Olsen. Liðsstjóri í ferðinni var Heiðar Ásberg Atlason, lögfræðingur, en hann var keppandi árið 2000.

Jessup keppnin er bæði löng og ströng. Lokaumferðin hefst á sunnudegi með upphafsundi, þar sem liðunum er tilkynnt um andstæðinga sína, og henni lýkur næsta laugardag með úrslitum. Hópurinn dvelur því í Washington D.C. í átta daga. Sjálfur málfut-

ingurinn er mjög erfiður en í honum er fylgt bandarískum venjum þar sem dómarar taka mjög virkan þátt. Þrír dómarar spyrja þannig keppendur í sífellu og nánast rök-ræða við þá á köflum. Stoðar því lítt að ætla sér að komast í gegnum málfutninginn með fyrirfram undirbúnað. Er mjög vandasamt að undirbúa sig fyrir slíkan málfutning og mikilvægt annars vegar að huga vel að öllum flötum málsins og hins vegar að gæta þess sérstaklega vel að halda ekki einhverju fram án þess að geta til hlítar rennt undir það stoðum með rökum eða tilvísunum.

Á hverju ári er fjallað um spennandi mál innan keppinnar. Árið 2000 laut málið einkum að því hvaða kröfur gera megi til upplýsts samþykkis þátttakenda í lækni-fræðilegum rannsóknum. Í fyrri laut málið að þjóðréttarlegum spurningum um efnahagslögsögu og landgrunn strandríkja og einnig reyndi á alþjóðlegan umhverfisrétt í tengslum við umgengi um auðlindir hafnsins og landgrunnins. Í ár lýtur málið að tjáningafrelsi á Internetinu og heimildum einstakra ríkja til að takmarka það. Einnig að mögulegri ábyrgð ríkja á hryðjuverkum og/eða skemmdarverkum sem framin eru af einstaklingum innan þeirra á Internetinu og beinast gegn öðrum ríkjum eða aðilum innan þeirra og að þeim úr-ræðum sem ríki mega beita til að koma eftirlýstum einstaklingum í þriðja ríki undir eigin lögsögu.

Ög þá er bara að vona að liði Leifs Eiríkssonar málfutningsfélags vegni vel í keppninn í ár!

*Ragnar Tómas Arnason bdl.,  
formaður Leifs Eiríkssonar  
málfutningsfélags*

# Alþjóðaviðskiptastofnunin - World Trade Organization

**A**námskeiði þann 11. – 13. apríl næstkomandi sem haldið verður hjá Háskólanum í Reykjavík verður fjallað um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og sameiginlegt markmið aðildarríkjanna um aukid frelsi og stöðugleika í alþjóðaviðskiptum með vörur og þjónustu.

Í fyrsta hluta verður fjallað stuttlega um stöðu stofnunarinnar, uppbyggingu hennar lýst og ljósi varpað á meginviðfangsefni hennar en þeim hefur eins og kunnugt er fjölgað mjög á undanförunum

árum. Í öðrum hluta verður gerð grein fyrir inntaki þeirra grundvallarreglna sem alþjóðaviðskiptakerfið er byggt á, þ.e.a.s. reglunni um bestu þjóða kjör (Most-Favoured-Nation), jafnréttisreglunni (National Treatment) og bannreglunni gegn magntakmörkunum eða öðrum sambærilegum ráðstöfunum í innflutningi eða útflutningi með vörur (Quantitative restrictions). Fjallað verður um þýðingu þessara grundvallarreglna út frá GATT-samningnum um vöruviðskipti og öðrum samningum sem heyra undir stofnunina. Þá verður

jafnframt gerð grein fyrir þeim reglum sem heimila frávik frá þessum grundvallarreglum. Í þessum hluta verður einnig fjallað um reglur um undirboð og ríkisstyrki. Í þriðja hluta verður sjónum beint að samningnum um þjónustuviðskipti GATS, gildissviði hans og markmiðum um frekara afnám viðskiptahindrana á sviði þjónustuviðskipta milli ríkja. Einnig verður gerð grein fyrir þýðingu samningsins um vernd hugverkaréttinda í alþjóðaviðskiptum (TRIPS) og samninginn um viðskiptahindranir tengdar fjárfestingum (TRIMS). Í fjórða hluta verður varpað ljósi á stöðu og þýðingu svæðisbundinna viðskiptasamninga (RTA) innan alþjóðaviðskiptakerfisins (Multilateralism v. Regionalism). Í fimmta hluta verður fjallað um það þýðingarmikla hlutverk alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að vera vettvangur fyrir meðferð og úrlausn ágreiningsmála milli aðildarríkja á sviði alþjóðaviðskipta. Um þetta verkefni hefur verið gerður sérstakur samningur en markmið hans er að stuðla að reglubundinni úrlausn ágreiningsmála sem skerðir um leið möguleika einstakra aðildarríkja til að beita einhliða þvingunaraðgerðum gegn öðrum aðildarríkjum. Hér er um afar umfangsmikið efni að ræða og verður umfjöllun um hvert atriði því stillt í hóf. Megintilgangur þessa námskeiðs er veita þátttakendum inn-sýn inn í það regluverk sem stofnunin byggir starf sitt á. Yfirlit fyrirlestra verður birt á heimasíðu LMFÍ.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Háskólans í Reykjavík [www.ru.is](http://www.ru.is) eða í síma: 510-6200.

## Netútgáfa Lögbirtingablaðs og Stjórnartíðinda

**Þ**ann 1. febrúar s.l. var opnuð netútgáfa af Lögbirtingablaðinu og er útgáfan öllum opin, endurgjaldslaut. Slóðin er [www.logbirtingablad.is](http://www.logbirtingablad.is). Þegar eru komin inn öll tölublöð sem gefin hafa verið út á árinu 2002. Megnið af tölublöðum ársins 2001 er einnig að finna á vefnum og er gert er ráð fyrir því að innan skamms verði þar heildarútgáfa þess árs.

Þá hefur einnig verið opnuð netútgáfa af Stjórnartíðindum og líkt og um Lögbirtingarblaðið, þá er netútgáfan öllum opin og án endurgjalds. Slóðin er [www.stjornartidindi.is](http://www.stjornartidindi.is). Þegar hefur verið lokið við að setja inn allar útgáfur A- og B-deildar frá ágúst 2001 og C-deild 1997 (sem er síðasti heili árgangur C-deildar sem gefinn hefur verið út). Í netútgáfu Stjórnartíðinda er efni raðað eftir ártali og númeri máls og nafni ráðuneytis eða annarrar opinberrar þjónustustofnunar sem gefur út viðkomandi auglýsingu.

Einnig má benda á að í júní 2001 var opnað reglugerðasafn á netinu. Safnið hefur að geyma allar gildandi reglugerðir, samkvæmt upplýsingum frá viðkomandi ráðuneytum og breytingar á þeim. Reglugerðarsafið er flokkað eftir ártali og númerum reglugerða, ráðuneytum og í efnisflokkka á sama hátt og lagasafnið. Slóðin er [www.reglugerd.is](http://www.reglugerd.is), en einnig er hægt að nálgast safnið á [www.rettarheimild.is](http://www.rettarheimild.is).

Loks er ástæða til að benda lögmönnum á að á slóðinni [www.lagabirting.is](http://www.lagabirting.is) er að finna EES-samninginn eins og Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis gengur frá honum.

Ljóst er að netútgáfa þessara upplýsinga kemur að góðum notum fyrir lögmenn og að auki er unnt að spara þann kostnað sem hlýst af áskrift þessara gagna.



# 90 ára afmæli Lögmannafélags Íslands

**H**inn 11. desember 2001 hélt félagið veglegt afmælishóf í tilefni af því að þá voru liðin 90 ár frá stofnun Málflutningamannafélags Íslands, sem síðar var breytt í Lögmannafélag Íslands. Í hófið, sem haldið var í Ásmundarsafni við Sigtún, mættu á fjórða hundrað gestir. Ásgeir Thoroddsen, formaður félagsins hélt afmælisávarp, en auk hans ávörpuðu samkomuna, þau Sólveig Pétursdóttir dómsmálaráðherra, Helgi I. Jónsson, formaður

Dómarafélags Íslands, og Ragnhildur Arnljótsdóttir, formaður Lögfræðingafélags Íslands, auk þess sem þessir aðilar færðu félaginu veglegar gjafir í tilefni afmælisins.

Í tilefni af þessum merku tíma-mótum, ákvað stjórn félagsins að sæma 12 fyrrverandi formenn þess sérstöku gullmerki, sem veitt var í fyrsta sinn. Þeir sem sæmdir voru gullmerki eru: Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl., Þorsteinn Júlíusson hrl., Helgi V. Jónsson hrl., Jóhann H. Nielsson hrl., Jón Steinar Gunn-

laugsson hrl., Sveinn Snorrason hrl., Hákon Árnason hrl., Gestur Jónsson hrl., Ragnar Aðalsteinnsson hrl., Þórunn Guðmundsdóttir hrl., Sigurmar K. Albertsson hrl., og Jakob R. Möller hrl. Auk fyrrverandi framangreindra formanna félagsins veitti félagið Jóni Thors, skrifstofustjóra í Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, gullmerki fyrir áralangt samstarf sem tengiliður Lögmannafélagsins við ráðuneytið, en Jón lét af störfum hjá ráðuneytinu um síðustu áramót sökum aldurs.



Á fjórða hundruð gestir mættu í 90 ára afmæli félagsins.



Þorvaldur Garðar Kristjánsson hrl. befur orðið.



Kolbrún Linda Ísleifsdóttir, Sigríður Dóra Svabjörnsdóttir, Runólfur Ágústsson, Fanný Óskarsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Bryndís Helgadóttir og Sif Konráðsdóttir.



Gylfi Thorlacius hrl. með sögustund.



*Helgi Jóhannesson brl. í málflutningi?  
Ólöf Pétursdóttir dómstjóri Héraðsdóms  
Reykjaness blýðir á.*

*Sólveig Pétursdóttir dómsmálaráðberra  
ræðir við Ásgeir Thoroddsen brl. og  
eignkonu hans Sigríði Dóru  
Svanbjörnsdóttur.*



*Marteinn Músson bdl. og Ásgeir  
Magnússon brl. íbyggur á svip.*



*Eiríkur Tómasson prófessor,  
Elinborg J. Björnsdóttir bdl., og  
Benedikt Ólafsson bdl.*



*Feðgin í lögmannastétt. Helgi V. Jónsson  
brl. og Hanna Lára Helgadóttir brl.  
ásamt fleirum.*



*Jóhann Halldórsson brl., Sigurbjörn Magnússon brl. og Ólafur Rafnsson bdl.*



*Jóhann Níelsson brl., Þorsteinn Júlíusson brl. og fleiri.*



*Vilbjálmur Árnason brl. og Jóhann Níelsson brl.*



*Lögmenn blyða á ávarp dómsmálaráðberr.*

*Tólf fyrrverandi formenn félagsins voru sámdár gullmerki. Guðmundur Ingvi Sigurðsson brl., Þorsteinn Júlíusson brl., Helgi V. Jónsson brl., Jóhann H. Níelsson brl., Jón Steinar Gunnlaugsson brl., Sveinn Snorrason brl., Hákon Árnason brl., Gestur Jónsso, brl., Ragnar Aðalsteinsson brl., Þórunn Guðmundsdóttir, brl., Sigurmar K. Albertsson brl., og Jakob R. Möller brl. Auk þess var Jóni Thors, skrifstofustjóra í Dóms- og kirkju-málaráðuneytinu, veitt gullmerki fyrir áralangt samstarf sem tengiliður ráðuneytisins við Lögmannafélagið.*



A man in a dark suit and tie is standing in a library, looking down at an open book he is holding. The library shelves are filled with books, and the lighting is warm and focused on the man.

## Er þín starfsemi tryggð?

Þú færð starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá VÍS sem býður fjölbreytt úrval váttrygginga fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 þurfa lögmenn að hafa starfsábyrgðartryggingu. Hringdu í síma 560 5060 og fáðu nánari upplýsingar.



**VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF**

Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5060, [www.vis.is](http://www.vis.is)